



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

Reykjavík, 17. ágúst 2017

Efni: Umsögn um drög að 7. breytingu á byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Vísað er til draga að breytingu á byggingarreglugerð sem birtust á vefsíðu stjórnarráðsins 18. júlí síðastliðinn (hér eftir nefnd „**drögin**“). Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum við drögin.

Með drögunum er lagt til að gert skuli ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla í nýbyggingum og við endurbyggingu. Samtökin fagna drögunum en vilja þó benda á nokkur atriði sem þarf að mati samtakanna að skýra betur.

Samtökin telja óljóst hvað er átt við með orðunum „skal gert ráð fyrir tengibúnaði“. Það þarf að liggja ljóst fyrir hvaða kröfur eru gerðar í sambandi við tengibúnað. Huga þarf að því að halda byggingarkostnaði í lágmarki og tryggja að ekki verði rými til að túlka ákvæði draganna með of víðtækum og íþyngjandi hætti. Þannig þarf að mati samtakanna að vera skýrt hvaða kröfur eru gerðar um fjölda tengibúnaða við önnur mannvirki en einbýli, t.a.m. við fjölbýlishús. Til að halda byggingarkostnaði í lágmarki en um leið auðvelda rafbílavæðingu ætti, að mati samtakanna, að leggja lagnaleiðir að bílastæðum svo eigandi viðkomandi stæðis gæti, ef hann kysi, á eigin kostnað lagt og gengið frá tengingum sem tengdar væru mælum viðkomandi.

Þá þarf að tryggja að heimtaug sé nægilega stór til að ráða við aukið afl vegna rafbílahleðslu. Samtökin telja æskilegt að tekið verði á stærð heimtaugar í byggingarreglugerð og hún skilgreind sérstaklega, gerð verði krafa um að lagnaleiðir séu til staðar og að stærð dreifiskápa verði í samræmi við aukna notkun.

Fulltrúar samtakanna eru að sjálfsgöðu reiðubúnir til að mæta á fund ráðuneytisins og fara betur yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Ásbjörn R. Jóhannesson,
viðskiptastjóri rafiðnaðar

Friðrik Ágúst Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingariðnaðar